

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands**

Fjarfundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsgreinasambands Íslands þann 8. september 2021.

Frá Starfsgreinasambandi Íslands: Björn Snæbjörnsson, Árni Steinar Stefánsson, Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, Flosi Eiríksson og Kolbeinn Gunnarsson.

Frá sambandinu: Benedikt Þór Valsson, Berglind Eva Ólafsdóttir og Inga Rún Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir:

1. Launadreifing starfsmanna skóla

Á síðasta fundi óskuðu fulltrúar SGS eftir að taka fyrir á næsta fundi almenna tilhögun launadreifingar vegna starfsmanna skóla í þeim tilgangi að til verði sameiginleg túlkun aðila á málinu. SGS sendi SNS greinargerð um málið milli funda.

Niðurstaða:

Málið rætt og ákveðið að SNS sendi SGS fyrir næsta fund nefndarinnar drög að leiðbeiningum um launadreifingu starfsfólks skóla þar sem árlegur starfstími er skemmri en 12 mánuðir.

Fundi slitið.